



Fjárhagsgreining

Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2019

Ráðgjafarsvið KPMG

—
3. desember 2020



Formáli

Í vor þegar ljóst var að COVID-veiran myndi hafa veruleg áhrif á ferðabjónustuna vann KPMG skýrslu fyrir Ferðamálastofu um *Áhrif COVID-19 á rekstur ferðabjónustufyrirtækja*. Í haust var talin ástæða til að fylgja þeirri vinnu frekar eftir enda ferðamennska sumarsins að baki og að skýrast betur hversu íþyngjandi afleiðingar heimsfaraldursins væru.

Ferðabjónustan hefur á undanförunum árum þróast í að verða umfangsmesta atvinnugrein landsmanna. Angar hennar teygja sig víða um hagkerfið. Undirliggjandi greinar hennar eru þó um margt ólíkar. Rekstur gististaða, bílaleigur, afþreying, veitingahús og ferðaskrifstofur eiga stundum lítið annað sameiginlegt en að tilheyra þessari sömu atvinnugrein. Fá ferðabjónustufyrirtæki eru stór en fjöldamörg lítil. Þá hefur ferðabjónustan viðkomu um allt land. Misjafnt er hversu illa kórónaveiran hefur komið við þessa ólíku kima ferðabjónustunnar þó enginn hafi farið vel út úr henni. Allan þennan fjölbreytileika verður að skilja og taka tillit til hans. Lögð var áhersla á það í þeirri vinnu sem leiddi til þessarar skýrslu.

Ákveðið var að ráðgjafarsvið KPMG myndi vinna frekari greiningu á fjárhagsstöðu íslenskrar ferðabjónustu en nú á grundvelli ársreikninga 2019. Lagt var mat á fjárhagsstöðu ferðabjónustunnar nú á síðari hluta ársins 2020. Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa unnið með KPMG að greiningunni. Markmið vinnunnar var m.a. að:

- Geta greint fjölbreytileika einkennandi greina ferðabjónustunnar þannig að þær stuðningslausnir sem horft væri til nýttust sem flestum fyrirtækjum í greininni og vítt og breytt um landið.
- Meta umfang og áhrif þeirra lausna sem geta komið til greina til stuðnings atvinnugreinarinnar.
- Setja upp spálíkan til að meta stöðu og þróun greinarinnar á næstu 12 til 24 mánuðum.

Þessi vinna og þau gögn sem hefur verið aflað hafa nýst stjórnvöldum að undanförunni við ákvörðunartöku um stuðning við atvinnugreinina.

Mikilvægt er að í ferðabjónustunni verði kraftur til viðspyrnu þegar tækifæri gefst til. Þess er vænst að atvinnugreinin leiði viðsnúning hagkerfisins frá þeirri kreppu sem COVID-19 hefur skapað. Til að það takist þarf fjárhagsleg staða ferðabjónustunnar að vera þannig að slík viðspyrna sé möguleg. Mikilvægt er að það opinbera fjármagn sem varið er til atvinnugreinarinnar verði ráðstafað skynsamlega þ.e. að stutt hafi verið fyrst og fremst við lífvænleg fyrirtæki og ekki komi til þess að samkeppnisstaða sé brengluð eða staðið í vegi fyrir að nauðsynleg markaðsaðlögun geti átt sér stað. Áfram þurfa að vera til staðar forsendur til að hluthafar og fjármálafyrirtæki sjái tækifæri í að fjárfesta í greininni.

Skarphéðinn Berg Steinarsson
Ferðamálastjóri



Tengiliður KPMG:

Benedikt K. Magnússon
 Ráðgjafarsvið
 Sviðsstjóri, hluthafi
 Sími: 861 5252
bmagnusson@kpmg.is

	bls.		bls.
— Formáli	1	Horfur	21
Samantekt	3	— Horfur og áhrifavaldar á mögulega þróun	22
Fjárhagsstaða í árslok 2019	7	— Möguleg þróun byggt á ólíkum sviðsmyndum	23
— Fjárhagsþróun	8	— Forsendur um þróun á fjölda ferðamanna	24
— Þróun rekstrarskilyrða	9	— Aflabrestur leiðir til ósjálfbærar skuldsetningar	25
— Heildaryfirlit einkennandi greinar	10	— Áætluð skuldastaða Árslok 2022	26
— Ólíkar áskoranir í árslok 2019	11	— Endurskipulagning er varla hafin	27
— Skuldastaða Árslok 2019	12	Viðaukar	
— Fjárhagsstaða við árslok Niðurbrot	13	— Viðauki I – Yfirlit undirgreina	28
Slagurinn við COVID-19	14	— Viðauki II – Sundurliðun eftir einkennandi greinum	35
— Skjáskot af 2020	15	— Viðauki III - Gagnalýsing	40
— Fordæmalaus rekstrarskilyrði	16	— Viðauki IV - Heildarskuldir ferðapjónustunnar	47
— Nýting úrræða	17		
— Staða og áskoranir einkennandi greina	18		
— Tekjur ársins 2020	20		

KPMG

Samantekt



Staða ferðapjónustunnar veik fyrir COVID-19

Frá því að fyrsta tilfelli COVID-19 var greint á Íslandi undir lok febrúar 2020 hefur ferðapjónustan þurft að takast á við mestu áskorun í sögu atvinnugreinarinnar. Árin á undan COVID-19 einkenndust af örum vexti og miklum fjárfestingum. Á þessum árum jókst samkeppni einnig mikið og síðustu ár var hún farin að koma niður á afkomu ákveðinna undirgreina í ferðapjónustu.

Ljóst er að staða greinarinnar versnaði á árinu 2019, sem helst má rekja til gjaldþrots WOW Air. Greining á fjárhagstöllum ferðapjónustufyrirtækja í árslok 2019 sýnir að fjárhagsstaða fjölmargra félaga í greininni var þröng. Mörg þeirra voru því illa undirbúin fyrir baráttuna við COVID-19 í upphafi ársins og nú í lok árs 2020 stendur greinin frammi fyrir stórum áskorunum, þrátt fyrir að slagurinn við COVID-19 sé langt frá því að vera yfirstaðinn.

Nauðsynlegt er að stuðla að öflugri viðspyrnu enda er það almennt álit hagsmunaaðila að framtíð ferðapjónustu á Íslandi sé björt til lengri tíma lítið.

5,8%
EBIT / tekjur

- Rekstrafkoma (EBIT) greinarinnar dróst saman um 6 ma.kr. á milli ára og var 20 ma.kr. árið 2019.
- Samfelld lækkun hefur verið á EBIT hlutfalli (EBIT/tekjur) greinarinnar frá árinu 2016 þegar það var 9,8% en eftir uppgjör ársins 2019 stóð það í 5,8%.

6,2x
Skuldir/EBIT

- Skuldsetning jókst um 36 ma.kr. á árinu og stóð í 170 ma.kr. í árslok 2019 skv. ársreikningum félaganna.
- Skuldamargfeldi (skuldir á móti EBIT) jókst um 50% á árinu 2019 og er margfeldi afkomu á móti skuldum nú 6,2x en stóð í 4,1x árið 2018.
- Félög í greininni eru því almennt í lakari stöðu til að standa undir aukinni skuldsetningu.




- Fjárhagsstaða félaganna og áskoranir þeirra eru mjög misjafnar eftir einkennandi greinum, landshlutum og milli einstakra félaga.




- Undir lok skýrslunnar má finna spálíkan um þróun ferðapjónustunnar til næstu þriggja ára.
- Ef gert er ráð fyrir markaðsaðlögun með sliti félaga sem ekki voru lífvænleg í árslok 2019 og þannig dregið úr afkastagetu, leiðir spálíkan KPMG út að afkoma greinarinnar sé jákvæð við 1.230 þúsund ferðamenn.
- Án markaðsaðlögunar leiðir spálíkanið út að hagnaður byrji að myndast við 1.735 þúsund ferðamenn.
- Forsendur spálíkans gera ráð fyrir að markaðsaðlögunin eigi sér stað með því að félög með veika eiginfjárstöðu og hátt skuldamargfeldi hætti starfsemi.

Slagurinn við COVID-19


Fjöldi starfandi í ferðaþjónustunni^a í þús.



VSK velta 2020
breyting frá sama tímabili árið 2019



Vægi innlendra veltu árið 2019



Viðbrögð og afleiðingar fyrir fyrirtæki

- Rekstrarkostnaður skorinn niður.
- Fjöldi starfandi fækkað um tæplega **12 þús.** eða **45%** frá áramótum 2019 til loka þriðja ársfjórðungs 2020.
- Félög fengið tímabundna greiðslufrýstingu lána (**45%** allra félaga sem fengu greiðsluhlé).
- Samið við leigusala um frýstingu eða lækkun leigugreiðslna.
- Mörg félög hafa lokað en tiltölulega fá farið í greiðslustöðvun eða gjaldprot hingað til.
- Launagreiðendum fækkað um **13%**.

Áskoranir og nýting úrræða

- Áskoranir félaganna mjög ólíkar eftir stærð, tegund, vægi innanlandsmarkaðar og staðsetningu.
- Nær öll félög glíma við verulegt tekjufall, háan launakostnað og neikvæða afkomu.
- Úrræði stjórnvalda hafa því eðlilega beinst að þessum liðum í rekstri félaganna.
- **21 ma.kr.** hefur verið greiddur í hlutabætur og yfir **10 ma.kr.** hafa verið greiddir vegna launa á uppsagnafresti.
- **19,5 ma.kr.** í frestun staðgreiðslu.
- **23,5 ma.kr.** ríkisábyrgðir tengdar lánveitingu.

Mismunandi vægi innanlandsmarkaðar

- Einkennandi greinar ferðaþjónustunnar eru misháðar erlendum ferðamönnum.
- Vísbendingar eru um að innanlandsmarkaður bílaleiga og hópbíla sé umtalsverður.
- Þá sýnir VSK velta Hagstofunnar að veitingarekstur hafi náð skjótari bata en aðrar greinar ferðaþjónustu og verður ekki fyrir eins miklu tekjufalli.
- Aukin innlend velta létti róðurinn yfir sumartímam hjá félögum á landsbyggðinni.
- Ferðaávisun stjórnvalda nýttist félögum í greininni misvel en var mikilvæg hvatning til landamanna.

ATH: (a) Fjöldi starfandi skv. Hagstofunni. Fjöldinn er meiri en fjöldi stöðugilda skv. Creditinfo enda um fjölda einstaklinga að ræða en ekki reiknuð stöðugildi. Jafnframt nær úrtak Hagstofunnar yfir stærra mengi en úrtak Creditinfo.
Heimild: Hagstofan, Stjórnarráðið og greining KPMG.

Spá um fjölda ferðamanna

Sviðsmyndagreining leiðir í ljós fjölmarga þætti sem ekki er hægt að hafa áhrif á. Á móti eru fjölmargir þættir sem hægt er að hafa áhrif á og munu ráða miklu um getu ferðaþjónustunnar til að spyrna við fótum þegar búið er að ryðja helstu ferðahindrunum úr vegi.

Spá um fjölda ferðamanna er sett fram af skýrsluhöfundum og byggir grunnspáin á því að bóluefni verði komið í viðtæka dreifingu á öðrum ársfjórðungi 2021 og þannig verði litlar hindranir á ferðalögum á seinni hluta ársins 2021. Gert er ráð fyrir að það muni taka lengri tíma að ná til fjarlægari markaða eins og Ameríku og Asíu og því verði takmarkaðri endurheimtur veturinn 2021.

Forsendurnar taka m.a. mið af reynslu af tilslökunum á landamæraeftirliti sumarið 2020 sem sýndi fram á umtalsverða eftirspurn frá Norðurlöndunum og Norður Evrópu.

Í síðasta kafla greiningarinnar er sett fram spálíkan um þróun fjárhagsstöðu ferðaþjónustunnar. Grunnforsenda líkansins er ofangreind spá um fjölda ferðamanna. Tekið skal fram að líkanið spáir ekki fyrir mikilvæga þætti eins og gengisþróun eða kaupmátt á upprunamörkuðum.

Fjárhagsstaða til framtíðar

Greining á fjárhagsstöðu leiðir í ljós talsverðan fjölda fyrirtækja með:

- of háa skuldsetningu miðað við rekstrarafkomu
- lítið eigið fé til að standa af sér "storminn"

Af því leiðir að flest félög í greininni munu þurfa að auka við skuldir eða ganga á eigið fé fram að þeim tímapunkti að ferðamenn taka að streyma til landsins á ný.

Eftir því sem þetta ástand varir lengur mun fjöldi ósjálfbærra félaga aukast og verður þeim þá ekki bjargað nema með eiginfjár innspýtingu eða öðrum aðgerðum til að létta á skuldsetningu.

Sé tekið mið af skuldamargfeldi má búast við því að 1.127 af 1.831 félögum í greiningunni muni glíma við skuldavanda¹ ef tekjuleysi verður viðvarandi fram yfir mitt ár 2021. Gera má því ráð fyrir mikilli fjölgun gjaldþrota á næstu mánuðum.

ATH: (1) Með skuldavanda er átt við að afkoma félaganna nægi ekki til greiðslu vaxta og afborgana.


Fjöldi ferðamanna á ári

í milljónum

Ár	2020	2021	2022
Grunnspá	0,5	0,8	1,7
% af 2019	24%	39%	86%
Svartsýn	0,5	0,5	1,3
% af 2019	24%	26%	64%
Bjartsýn	0,5	1,0	1,9
% af 2019	25%	48%	97%

Vaxtaberandi skuldir í árslok 2019

í milljónum króna flokkað eftir fjárhagslegum styrkleika






Fjárhagsstaða í árslok 2019



EBIT og EBIT%

Í milljörðum króna



ATH: Útlán kerfislega mikilvægra banka (KMB) til ferðaþjónustunnar skv. Seðlabankanum var 210 ma.kr. Útleiðslu á muninum má sjá í Viðauka IV
 Heimild: Creditinfo, Hagstofa og greining KPMG

Fjórðungs samdráttur í rekstrarafkomu milli árana 2016 og 2019

Mestur samdráttur í afkomu milli árana 2018 og 2019 enda fækkaði ferðamönnum um 15% frá fyrra ári.


- 20% fækkun ferðamanna eftir fall Wow Air og 30% fækkun ferðamanna frá Bandaríkjunum og Kanada.
- Jákvæð áhrif af 8%¹ veikingu íslensku krónunnar og 5% lengri meðal dvalartími ferðamanna leiðir til hærri tekna á hvern ferðamann.
- Miklar kostnaðarhækkunar, s.s. 6,5% hækkun á launavísitölu vega upp á móti tekjuauka.

Rekstrarskilyrði greinarinnar voru farin að versna fyrir COVID-19.

ATH: (a) Skuldahlutfallið er aðlagð þannig að heildar vaxtaberandi skuldum er einungis deilt með jákvæðri EBIT
 (1) Miðað við meðaltal skráningar á gengisvísitölu árunum 2018 og 2019

Vaxtaberandi skuldir og EBIT margfeldi skulda^a

Í milljörðum króna



Vaxtaberandi skuldir aukist um 62% frá árinu 2016

Ferðaþjónustan hefur verið að fjárfesta undanfarin ár. Árið 2019 námu nettó fjárfestingar um 28 ma.kr. Samhliða fjárfestingu hafa vaxtaberandi skuldir aukist jafnt og þétt.

- Mesta aukningin milli ársloka 2018 og 2019 er í fasteignum tengdum starfsemi gististaða um 14 ma.kr. en hótélherbergjum fjölgaði um 883 herbergi í 10.856 herbergi. Á sama tíma lækkaði nýtingarhlutfall um 3 prósentustig.


Greiðslugeta greinarinnar hefur hinsvegar dregist saman með versnandi afkomu og var í árslok 2019 líklega að nálgast efri mörk í sjálfbærri skuldsetningu m.t.t. þróunar í afkomu.

Þróun rekstrarskilyrða

Fjöldi ferðamanna og tekjur per ferðamann


Í milljónum

Í þús. kr.



Fjöldi gistinguátta og gistinguætur per ferðamann


Í milljónum



Kortavelta og kortavelta per gistinguótt


Í milljörðum króna

Í þús. kr.



Fjöldi starfa (án flugs)¹⁾







Í þús.



ATH: 1) Hæsta gildi hvers árs í gagnagrunni Hagstofunnar.

Heimild: Ferðamálastofa, Creditinfo, Hagstofa, Rannsóknarsetur verslunarinnar og greining KPMG

Heildaryfirlit einkennandi greina

Fyrirtæki	Fjöldi fyrirtækja	Stöðugildi	Velta	EBIT	Launahlutfall	Eignir	Vaxtaberandi skuldir	Eiginfjárlutfall	Skuldir / EBIT*
Afþreying 	559	2.610	62,8	7,4	35%	73,6	25,6	42%	2,9x
Gististaðir 	471	4.922	83,3	5,2	40%	168,4	91,2	27%	11,9x
Veitingarekstur 	527	5.778	87,5	3,2	41%	39,1	10,9	27%	2,4x
Bílaleigur 	72	996	33,1	2,5	25%	53,4	34,0	13%	11,9x
Hópfærðir og hópíleigur 	137	1.238	28,5	0,4	38%	18,6	7,9	26%	5,1x
Ferðaskrifstofur 	65	644	54,0	1,7	11%	15,2	0,5	29%	0,2x
Samtals	1.831	16.188	349,2	20,4	33%	368,2	170,0	28%	6,2x


* Leiðrétt skuldahlutfall (neikvæð EBIT ekki reiknuð með).

ATH: 1) Fjárhæðir í milljóðum króna.

2) Í allri útleiðslu á fjárhagsupplýsingum ársins 2019 eru upplýsingar úr ársreikningum ársins 2018 nýttar ef 2019 ársreikningi hefur ekki verið skilað.

Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Stjórnstöð ferðamála og greining KPMG

Ólíkar áskoranir í árslok 2019



Ásunum tveimur er ætlað að skeyta saman rekstrarhæfi og styrkleika efnahagsreiknings.


- Skuldamargfeldi til að meta hversu vel reksturinn getur staðið undir skuldsetningu við árslok 2019.
- Eiginfjárlutfall til að meta styrkleika efnahagsreiknings.

Stuðst er við mismunandi veðhæfi eftir undirgreinum til leggja mat á því hvort veð séu í lagi (veðhlutfall frá 70% upp í 100%).

Leiða má líkur að því að fjármálastofnanir leggi frekar áherslu á að ná utan um félög í rekstrar- og fjárhagserfiðleikum sem eru með veð í lagi. Önnur félög þurfa að auka hlutfé eða leita lagalegra úrræða við fjárhagslega endurskipulagningu.

Athuga ber að leiguskuldbinding er skuldbinding utan efnahags hjá flestum félögum sem myndi að öðru óbreyttu hækka verulega skráðar langtíma skuldir í efnahagsreikningi ef alþjóðlegum reikningsskilastöðlum væri beitt.

Skuldastaða | Árslok 2019 *án flugs*



- Töluverður skuldavandi var til staðar fyrir COVID-19, ef tekið er mið af:
 - Skilgreiningum á fjárhagsstöðu hér að framan
 - Greiningu á þróun afkomu (EBIT) og skuldsetningu undanfarinna ára

- Tæplega 119 ma.kr. af vaxtaberandi skuldum hvíla á fyrirtækjum á hættusvæði eða í fjárhagsvandræðum.
- Minnihluti fjárhæðinnar fellur á græn og gul svæði.
- 170 ma.kr. er samtals staða vaxtaberandi skulda fyrirtækjanna í gagnagrunninum sem unnið er úr í þessari greiningu.

ATH: Gististaðir utan gagna eru áætlaðar vaxtaberandi skuldir í skráðu fasteignafélaganna tengd ferðaþjónustu og fasteignafélagum um hóteleignir.
 Heimild: Creditinfo og greining KPMG, Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála.

Fjárhagsstaða við árslok | Niðurbrot

Rautt - Landssvæðaskipting

	Suðvesturhorn*		Landsbyggð		Allt landið	
	Fjöldi	Vaxtab. Skuldir	Fjöldi	Vaxtab. Skuldir	Fjöldi	V.b.skuldir
Afþreying	64	4,1	40	3,3	104	7,4
Bílaleigur	5	0,4	0	0,0	5	0,4
Ferðaskrifstofur	4	0,1	1	0,0	5	0,1
Gististaðir	54	46,5	40	2,8	94	49,3
Hópfærðir	22	3,3	7	0,1	29	3,4
Veitingarekstur	71	4,3	30	1,4	101	5,7
Samtals	220	58,7	118	7,6	338	66,3

Aths. * Höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Suðurnes

Allt landið

Án flugs	Fjöldi félaga	Stöðugildi	Velta (ma.kr.)	EBITDA (ma.kr.)	Vaxtaberandi skuldir (ma.kr.)
Grænt	571	6.726	158,2	23,3	24,2
Gult 1	358	2.099	49,3	4,1	8,8
Gult 2	166	1.636	36,2	2,8	18,4
Rautt en veð í lagi	398	2.340	51,6	6,7	52,3
Rautt	338	3.387	53,8	3,0	66,3
Samtals	1.831	16.188	349,2	39,8	170,0
Gististaðir utan gagna					54,2
Samtals					224,2

ATH: Stór fyrirtæki eins og Bláa Lónið geta skekkt mjög lykil kennitölur undirgreinanna, jafnvel þó það sé verið að horfa á flokkinn „Stór fyrirtæki“. Það gæti því verið nauðsynlegt að setja þau í sér flokk til að frekari aðgreiningar.
Heimild: Creditinfo og greining KPMG, Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála.



KPMG

Slagurinn við COVID-19

Skjaskot af 2020



Staða ferðaþjónustunnar

- Fjárfestingar undanfarinna ára hafa aukið skuldsetningu og er farið að bera á skuldavanda.
- Með falli WOW þyngjast rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar.

- Afbókunum fjölgar.
- Undir lok Q1 er sett á samkomubann og skylda um sóttkví við komu til landsins.

- Hrun í ferðalögum á heimsvísu.
- Ísland tæmist og tekjur ferðaþjónustufyrirtækja hverfa.
- Atvinnuleysi eykst.

- Íslendingar nýta ferðaávisun, ferðast og kaupa þjónustu af ferðaþjónustufyrirtækjum.
- Farið að bera á erlendum ferðamönnum aðallega Evrópubúum.
- Bjartsýni um skjótan bata.

- Hertar aðgerðir á landamærum hafa áhrif á komu ferðamanna og Íslendingar búnir með sumarfríin.
- Ferðaþjónustufyrirtæki tekjulaus og atvinnuleysi er viðvarandi.
- Lán í vanskilum eftir að frystingu lýkur.

Viðbrögð og varnarúrræði

- Hlutabótaleið og greiðsla launa á uppsagnafresti léttu róðurinn.
- Brúar- og stuðningslán með ríkisábyrgð kynnt.
- Ferðaávisun kynnt til sögunnar.
- Gistináttaskattur afnuminn, frestun skattgreiðslna og jöfnun tekjuskatts.
- Markaðsátak ferðaþjónustunnar erlendis.

- Losað var um aðgerðir á landamærum undir lok annars ársfjórðung.
- Hlutabótaleið framlengd.
- Endurskipulagning Icelandair
- Hertar aðgerðir á landamærum um miðjan þriðja ársfjórðung.

- Lokunarstyrkir
- Önnur framlenging hlutabótaleiðar
- Tekjufallsstyrkir
- Viðspymustyrkir

Fordæmalaus rekstrarskilyrði

Áhrif COVID-19 á horfur í ferðapjónustunni | Viðbrögð

Ferðapjónustufélög eru að fást við allsherjar tekjuhrun. Mikil óvissa hefur þvingað stjórnendur til að stöðva rekstur eða setja í einkonar „dvala“. Meðal viðbragða sem greinin og stjórnendur hafa gripið til eru:

- Lækkun rekstrarkostnaðar með öllum tiltækum leiðum.
- Lokun eða uppsagnir:
 - Launagreiðendum hefur fækkað um 13% og starfsfólki fækkað um 45% á fyrstu 9 mánuðum ársins skv. Hagstofu, þrátt fyrir hlutastarfaleið stjórnvalda.
- Lækkun eða frestun á leigugreiðslum.
- Greiðslufrýsting lána.
- Rekstrarfjármunir seldir þar sem því er við komið.

Fjölbreyttar áskoranir næstu mánuði | Seigla


Enn er óljóst hvenær ferðamenn geta byrjað að ferðast óhindrað til landsins. Fyrirséð er að rekstrartap muni ganga hratt á eigið fé eða auka talsvert á skuldsetningu þeirra félaga sem eru í aðstöðu að sækja aukið lánsfé.

Það eru hagsmunir eigenda og lánveitenda að leita allra leiða til að tryggja rekstrarsamfellu og verja rekstrargrundvöll til að hægt sé að byggja upp starfsemi þegar sér fyrir endann á faraldrinum.

Miklir hagsmunir fyrir efnahagslífið að sem flest félög í greininni geti tekið þátt í endurreisn ferðapjónustunnar og því er líklegt að taka þurfi á miklum skuldavanda árið 2021.

Það má þó vera ljóst að það er greininni fyrir bestu að færri og stærri félög standi að endurreisn til að bæta afkomu og arðsemi.

Þróun á EBITDA% og EBITDA skuldamargfeldi^a



ATH: (a) Án flugfélaga
Heimild: Creditinfo og greining KPMG.

Nýting úrræða

Hlutabætur

21,3
ma.kr.

Hlutabótaleið

Frá mars og fram í október höfðu 36 þúsund einstaklinga fengið greiddar hlutabætur skv. fjármálaráðuneytinu. Þegar mest var fengu um 33 þúsund einstaklingar greiddar hlutabætur en í september voru 3.317 einstaklingum greiddar hlutabætur.

- Líklega starfa flestir sem fá bætur í október í ferðapjónustu en um 38% þeirra sem fengið hafa greiddar hlutabætur starfa í einkennandi greinum ferðapjónustunnar.
- Miðað við ofangreint er líklegt að yfir 13 þúsund manns hafi þegið hlutabætur í einkennandi greinum ferðapjónustu. Að lágmarki 8 ma.kr. hafa verið greiddar vegna starfa í ferðapjónustu en ef gert er ráð fyrir því að starfsmenn ferðapjónustufyrirtækja séu stærsti hluti þeirra sem nú nýta úrræðið þá er fjárhæðin mun hærri.
- Hlutur launagreiðenda er þá að líkindum hærri en 6 ma.kr. sé gert ráð fyrir að félögin greiði um 50% launa.

Frestun skattgreiðslna

19,5
ma.kr.

Laun á uppsagnarfresti

7.300 manns hefur verið sagt upp í hópuppsögnum í ferðatengdri starfsemi fyrstu níu mánuði ársins, þar af 283 í september 2020. Greiddir hafa verið ríflega 10,5 ma.kr. til atvinnurekenda vegna launa á uppsagnarfresti. Stuðningurinn nemur 85 prósentum af launum starfsmanns, að hámarki 633 þús. kr. á mánuði í þrjá mánuði auk orlofsgreiðslna og lífeyrissjóðsiðgjalda.

- Stærstur hluti stuðningsins hefur farið til fyrirtækja í ferðapjónustu.

Úrræðið er enn opið, en almenna reglan er að stuðningurinn nær til þeirra uppsagna sem hafa uppsagnardag frá og með 1. maí 2020 til og með 1. október 2020 og lengst í þrjá mánuði.

- Miðað við ofangreint geta félög dregið á úrræðið fram til ársloka 2020 og þannig gæti starfsmönnum á hlutabótum fækkað mikið í október 2020.

Laun á uppsagnarfresti

10,5
ma.kr.

Stuðnings og viðbótarlán

6,4
ma.kr.

Nýtt ferðagjöf

854
m.kr.

Greiðsluhé

428
fyrirtæki

Staða og áskoranir einkennandi greina



	Einkenni	Stöðulýsing	Suðvesturhorn	Landsbyggð
Almennt	<ul style="list-style-type: none"> — Rekstur og afkoma tengd fjölda erlendra ferðamanna — Fjölbreytt starfsemi og staða þvert á undirgreinar — Mikilvægt að viðhalda viðskiptasambandi ólíkra dreifileiða — Nokkuð um sameiningar og hagræðingu undanfarin misseri 	<ul style="list-style-type: none"> — Verulegur tekjusamdráttur vegna ýmissa ferðahindrana — Taprekstur, skuldasöfnun, greiðsluferðileikar/vanskil — Óvissa um framhaldið og hvenær landið tekur að rísa — Áframhaldandi hvati að búa til sterkari einingar 	<ul style="list-style-type: none"> — Minni árstíðasveifla — Stærri fyrirtæki 	<ul style="list-style-type: none"> — Meiri árstíðasveifla og meira um vetrarlokun — Minni fyrirtæki og meiri sveigjanleiki — Ferðapjónusta í sumum tilfellum aukabúgrein
Afþreying	<ul style="list-style-type: none"> — Rekstur sem byggir á sérfræðiþekkingu eða sérhæfðum eignum — Sérhæfðar eignir takmarka skuldsetningu og kalla á hærra eiginfjárlutfall 	<ul style="list-style-type: none"> — Rekstur í lágmarki en leitast við að halda í sérhæfða starfsmenn og viðhalda eignum — Hagsmunir lánveitenda að styðja við rekstur lífvænlegra félaga 	<ul style="list-style-type: none"> — Stærri fyrirtæki með meiri fjölbreytni og umfangsmikið sölustarf 	<ul style="list-style-type: none"> — Fá stór félög en mörg minni félög sem selja mikið í gegnum sölurásir 3ja aðila
Gisting	<ul style="list-style-type: none"> — Mikil fjárfesting síðastliðin ár og aukin skuldsetning — Kvik verðmyndun en aukið framboð gistirýma hefur lækkað nýtingu og einingarverð hrunið — Langtímaskuldbinding í húsnæði, ýmist leigusamningur eða skuldsetning út frá eignarhaldi — Há leiguskuldbinding kemur ekki fram á efnahagsreikningi 	<ul style="list-style-type: none"> — Búið að loka mikið af gistieiningum til að lágmarka rekstrarkostnað — Mjög ólík staða og horfur eftir staðsetningu á landinu — Nauðsynlegt að standa straum af kostnaði til að viðhalda húsnæði — Þung greiðslubyrði leigu / vaxta sem auka verulega skuldsetningu 	<ul style="list-style-type: none"> — Mun hærri skuldsetning — Mjög erfitt frá því í vor — Hörð verðsamkeppni dregur úr getu til að standa undir leigu og/eða afborgunum lána — Rekstrarfélög í aukinni hættu að missa leigusamninga 	<ul style="list-style-type: none"> — Þokkalegt sumar — Líklegri til að draga eitthvað á innlenda markaðinn í vetur — Aukin aðgreining og fjarlægðarvernd, minnkar verðsamkeppni — Minni skuldsetning styrkir greiðslugetu

* Byggt á greiningu á þróun kortaveltu skv. gögnum Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Staða og áskoranir einkennandi greina


	Einkenni	Stöðulýsing	Suðvesturhorn	Landsbyggð
<p>Veitinga- rekstur</p> <p>Innlend velta 2/3 af veltu árið 2019*</p>	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreyttur rekstur og þjónustustig Stór innlendur markaður Lág skuldsetning en fjármögnun oft í gegnum stærstu birgja Mikil fækkun fyrirtækja árið 2019 	<ul style="list-style-type: none"> Vinsælir rekstraraðilar, vel staðsettir eða með skyndibita í mun betri stöðu Minni umsvifum mætt með styttri opnunartíma og lokun Háar leiguskuldbindingar utan efnahags 	<ul style="list-style-type: none"> Hækkun launakostnaðar vegur þungt í rekstrar-afkomu Hátt vægi innlandsmarkaðar Lengri og dýrari leigusamningar 	<ul style="list-style-type: none"> Meiri árstíðasveifla og vetrarlokanir Nutu góðs af innlendum ferðamönnum í sumar en annars er velta mjög háð erlendum ferðamönnum
<p>Bílaleigur</p> <p>23.680 bílar í árslok 2019</p>	<ul style="list-style-type: none"> Mikil fjölgun rekstraraðila hefur komið niður á verðlagningu og afkomu Innlendur markaður gæti numið allt að 25% Auðvelt aðgengi að fjármögnun og fyrir vikið mikil skuldsetning Eigið fé að miklu leyti bundið í fólksbílum 	<ul style="list-style-type: none"> Notaðir bílar seldir á innanlandsmarkaði Rekstrarkostnaður lækkaður með afskráningu bíla og fækkun starfsfólks Skuldbinding að kaupa bíla í haust eftir frestun í vor, á hærra gengi 	<ul style="list-style-type: none"> Flestar bílaleigur staðsettar á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjanesbæ Stærstu félögin með talsverðar tekjur á innlendum markaði m.a. langtímaleigu 	<ul style="list-style-type: none"> Lítill umsvif á landsbyggðinni
<p>Hópbílar</p> <p>2.085 bílar í árslok 2019</p>	<ul style="list-style-type: none"> Fjölgun rekstraraðila og bifreiða hefur komið fram í harðri verðsamkeppni Stór innlendur markaður Rekstrarerfiðleikar fyrir C-19 	<ul style="list-style-type: none"> Lækka rekstrarkostnað með afskráningu bíla (36% fækkun frá áramótum) Lítill markaður fyrir notaðar rútur 	<ul style="list-style-type: none"> Stærri fyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu Umfangsmikil verkefni í almenningssamgöngum 	<ul style="list-style-type: none"> Mörg lítill fyrirtæki Mikið í öðrum verkefnum, s.s. skólaakstri

* Byggt á greiningu á þróun kortaveltu skv. gögnum Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Tekjur ársins 2020

VSK velta

Breyting frá sama tímabili árið áður



Heimild: Hagstofan, Rannsóknarsetur verslunarinnar og greining KPMG

Tekjuhrun í mynd


Í samræmi við útbreiðslu COVID-19 og ferðatakmarkanir á vegum stjórnvalda um allan heim segja opinberar skráningar á fyrirtækjaveltu og erlendri kortaveltu myndræna sögu af tekjuhruni ferðþjónustunnar.

Borið saman við árið 2019 dróst velta fyrirtækja í flugi, veitingarekstri, gististöðum og ferðaskrifstofum saman um 53% fyrstu 8 mánuði ársins 2020.

Erlend kortavelta gefur svo enn ýktari mynd af samdrættinum en fyrstu átta mánuði ársins hefur hún dregist saman um 64% borið saman við sama tímabil ársins 2019.


Erlend kortavelta

í milljörðum



Erlend og innlend kortavelta 2019

skipting heildarkortaveltu



Vægi innanlandsmarkaðar

Ferðaþjónustan samanstendur af fjölbreyttum fyrirtækjum og mismunandi er hversu háðir einstakir rekstraraðilar og einkennandi greinar ferðaþjónustunnar eru af komum erlendra ferðamanna.

- Sem dæmi þá varð tekjufall veitingarekstrar mildara en í öðrum greinum og af kortaveltu má lesa að innanlandsmarkaðurinn er mun mikilvægari fyrir veitingareksturinn en sú erlenda.
- Jafnframt eru vísbendingar um að talsverður hluti af tekjum bílaleiga og hópferðaþjónustunnar stafi af innanlandsmarkaði, innanlandsmarkaður bílaleiga í gegnum langtíma- og flotaleigu og hópferðaþjónustunni reka ýmsa þætti almenningsgangna.

An aerial photograph of a black sand beach. The ocean is on the left, with white foam from waves washing onto the dark sand. The beach extends into the distance, where it meets a flat, green landscape with some small buildings and a large, flat-topped mountain in the background under a hazy sky.

KPMG

Horfur

Horfur og áhrifavaldar á mögulega þróun



Horfur

Hversu djúp verður lægðin?

- Svartsýnasta spá verður að veruleika og helstu stuðningsúrræði sem stjórnvöld lögðu upp með í vor hafa verið framlengd.
- Enn er óvissa um mögulega þróun en auknar líkur að við sigrumst á COVID-19 á 2. eða 3. ársfjórðungi 2021 að því gefnu að bóluefni sé komið í víðtæka dreifingu.
- Greinin tekst nú á við verulegt tekjufall og ólíklegt að breyting verði þar á fyrr en í fyrsta lagi næsta sumar.
- Endurskipulagning Icelandair var mikilvægur áfangi og forsenda fyrir flæði ferðamanna til landsins þegar helstu ferðahindranir eru úr vegi.

Uppfært frá fyrri skýrslu



Stóru álitamálin

Hversu lengi varir hún?

- Hvernig og hvenær ná einstaka markaðssvæði tókum á útbreiðslu COVID-19?
- Hvaða (ekki hvort) varúðarráðstafanir hafa verið gerðar og verða settar á héraðs og erlendis til að draga úr líkum á því að smitfaraldurinn fari aftur af stað, t.a.m.:
 - Lokun landamæra
 - Krafa um heilbrigðisvottorð á ferðalögum
 - Sóttkví í kjölfar ferðalaga
 - Takmarkanir á samkomum
- Hversu lengi ráðstafanir gilda og samspil á gildistíma þeirra á markaðssvæðum okkar kann að skipta máli.
- Hversu langan tíma mun það taka að endurbýggja fluggeirann og koma á því sem næst eðlilegu ástandi?
- Hvernig mun flugframboð þ.m.t. tengiflug byggjast upp á mikilvægum markaðssvæðum?
- Hversu lengi mun ríkja ótti við ferðalög, m.a. vegna þess að faraldurinn gæti sprottið upp á ný?
- Mun vaxandi spenna í alþjóðastjórn málum draga úr nauðsynlegu samstarfi ríkja til að vinna tímanlega bug á ástandinu eða mun þessi spenna leiða til átaka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum?
- Hvernig mun þróun á efnahagsaðstæðum í heiminum hafa áhrif á eftirspurn eftir ferðaþjónustu?

Óbreytt



Viðspyrnan

Hvaða þættir geta haft áhrif á batann?

- Markaðsátak stjórnvalda erlendis.
- Lækkun gengis.
- Viðhorf ferðamanna til þess hversu góð og árangursrík viðbrögð stjórnvalda á Íslandi voru við COVID-19.
- Fá lönd gætu verið reiðubúin að taka á móti ferðamönnum á næstu misserum og í því gæti falist tækifæri, ef íslensk stjórnvöld eru þá reiðubúin að opna landið fyrir ferðamönnum.
- Samkeppni við lönd eins og Noreg sem hefur lækkað mikið í verði sem áfangastaður eftir mikla lækkun norsku krónunnar.
- Stefna flugfélaga/stjórnvalda um endurgreiðslu fargjalda. Ef viðskiptavinir fá t.d. tímabundna inneign sem gildir fram á næsta ár í stað endurgreiðslu gæti það stutt við uppsveiflu í ferðaþjónustu.
- Samkeppni og möguleg undirboð (e. price dumping) annarra landa til að laða til sín ferðamenn.

Óbreytt

Möguleg þróun byggð á ólíkum sviðsmyndum

Sviðsmyndagreining á starfsumhverfi íslenskrar ferðaþjónustu á komandi misserum leiðir í ljós fjölmarga þætti sem ekki er hægt að hafa áhrif á en á móti eru fjölmargir þættir sem hægt er að hafa áhrif á og munu ráða miklu um getu ferðaþjónustunnar til að spyrna við þegar búið er að ryðja helstu ferðahindrunum úr vegi.


- **Hraði bataferils** ræðst fyrst og fremst af þróun bóluafnis, hraða dreifingar bóluafnis og bólusetninga og svo aðstæðum og vilja ferðamanna á ólíkum markaðssvæðum að ferðast á ný.
- **Samkeppnishæfni** endurspeglar svo stöðu íslenskrar ferðaþjónustu á þeim tíma sem eftirspurn ólíkra markaðssvæða raungerist.

Með öflugum og markvissum aðgerðum í atvinnugreininni og stuðningi hins opinbera og annarra hagaðila er hægt að komast hjá verulegum samfélagslegum kostnaði ef greinin er af ýmsum ástæðum ekki samkeppnishæf þegar það rofar loksins til.

Sviðsmyndavinna leiðir í ljós að huga þarf sérstaklega að:

- Markaðsaðgerðum og tímasetningu.
- Því að viðhalda lágmarks framleiðslugetu og órofinni virðiskeðju.
- Þekkingu í greininni og sérkennum íslenskrar ferðaþjónustu.
- Stefnumótun til að mæta sem best breyttum kröfum neytenda í nýjum veruleika og ýta undir styrkleika íslenskrar ferðaþjónustu í breyttu starfsumhverfi.
- Endurreisn sem styður við sjálfbærni í greininni og umhverfismálum m.t.t. skilgreindra þolmarka.

Frekari umfjöllun um sviðsmyndir í ferðaþjónustu má finna [hér](#).



Forsendur um þróun á fjölda ferðamanna


Margir samverkandi þættir munu hafa áhrif á þróunina á næsta ári

Sökum þess er ólíklegt að hægt sé að byggja endurreisn ferðaþjónustu á komu ferðamanna til landsins árið 2021.

